



Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020

Breyting á aðalskipulagi

Breytt stefnumörkun um iðnaðarsvæði

Aðdragandi aðalskipulagsbreytingar

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu er fram komin vegna þeirra niðurstaðna sem birtast í skýrslunni „Grundartangi – Úttekt á umhverfisáhrifum“ sem unnin var af starfshópi sérfræðinga fyrir Faxaflóahafnir og kom út í maí 2013. Markmið starfshópsins var að skoða hvernig Faxaflóahafnir geti tekið frumkvæði og varpað betra ljósi á stöðu umhverfismála á Grundartanga og þá umhverfisvöktun sem þar á sér stað. Í skýrslunni kemur m.a. fram að þolmörkum er náð á Grundartanga hvað varðar styrk brennisteinstvíoxíðs við jaðar þynningarsvæðisins, og sá þáttur því mögulega farin að takmarka framtíðarlandnotkun hvað varðar iðnað sem mun auka enn frekar útblástur brennisteinstvíoxíðs á svæðinu. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að uppsöfnun á flúor í búfé á tímabilinu 1997-2011 er að aukast marktækt, og sá þáttur komin að þeim mörkum þar sem að „álagseinkunnin fer yfir á viðvörun“.

Breyting á aðalskipulagi

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekur til breytinga á texta í greinargerð aðalskipulags. Engar breytingar eru gerðar á skipulagsuppháttum. Breytingin varðar umfjöllun um mengun frá á iðnaðarsvæðum í kafla 4. í greinargerð aðalskipulags. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á texta greinargerðar:

Liður nr. 4 á bls. 41

„Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum. Umhverfisásýnd iðnaðarsvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.“

verður eftir breytingu

„Bestu fánlegu tækni sem uppfyllir BAT staðal skal ávallt beitt til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum. Ásýnd og umgengni iðnaðarsvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.“

Liður nr. 6 á bls. 41

„Stefnt skal að því að draga úr flúormengun eins og kostur er frá iðnaðarsvæði við Grundartanga.“

verður eftir breytingu

„Ekki er heimilt að hefja nýja starfsemi sem hefur í för með sér losun flúors á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og stefnt skal að því að draga úr losun flúors eins og kostur er. Ekki er heimilt að hefja nýja starfsemi sem hefur í för með sér losun brennisteinstvíoxíðs á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og stefnt skal að því að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs eins og kostur er.“

Tilgangur aðalskipulagsbreytingar

Samkvæmt gildandi starfsleyfum eru stóriðjufyrirtækin á Grundartanga ekki að nýta nema hluta þeirra losunarheimilda sem þau hafa og því mögulegt að styrkur brennisteinstvíoxíðs muni aukast í útblæstri iðjuveranna á næstu árum. Tilgangur með aðalskipulagsbreytingu er að heimila ekki nýja starfsemi á iðnaðarsvæðum í Hvalfjarðarsveit sem hefur í för með sér losun brennisteinstvíoxíðs og/eða flúors frá iðnaðarsvæðum í sveitarfélaginu. Jafnframt er lögð áhersla á að þau stóriðjufyrirtæki sem losa fyrrgreind efni út í andrúmsloft reyni að draga úr þeirri losun eins og mögulegt er með bestu fánlegu tækni (BAT).

Skipulagsferli og auglýsing

Lýsing á breytingartillögu var kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með opnum fundi 8. maí 2014 í félagsheimilinu Fannahlíð. Lýsing á breytingartillögu var auglýst með áberandi hætti 1. maí 2014 og hún gerð aðgengileg á heimasíðu og skrifstofu Hvalfjarðarsveitar www.hvalfjardarsveit.is. Umsagnir Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og ábendingar sem bárust hafa ekki áhrif á tillögu breytingar aðalskipulags.

Sveitarstjórn samþykkti þann 12. ágúst. 2014 að auglýsa tillögu að breytingu stefnumörkunar Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var

auglýst frá 29. ágúst til og með 10. október 2014. Athugasemdir bárust frá VSÓ ráðgjöf f. h. Silicor , Faxaflóahöfnum, Logos f. h. Norðuráls, Kjósarhreppi, Umhverfissvaktinni við Hvalfjörð, Ragnheiði Þorgrímsdóttur og landeigendum Kalastaða við auglýstri tillögu. Sveitarstjórn hefur fjallað um innsendar athugasemdir og hafa þær ekki áhrif á auglýsta breytingartillögu. Sveitarstjórn samþykkti auglýsta tillögu óbreytta þann 4. desember 2014. Samþykkt tillaga var send Skipulagsstofnun, ásamt athugasemdum og umsögnum sveitarstjórnar um þær.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 (með síðari breytingum) var samþykkt í sveitarstjórn þann 4. desember 2014.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____